

Borgarbyggð
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 4. apríl 2024
UST202403-343/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Sigmundarstaðir - Mælimastur á Grjóthálsi - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 21. mars sl. þar sem óskað er umsgagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir mælimastur á Grjóthálsi.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin er innan jarðar Sigmundarstaða, þar sem áætlað er að reisa tímabundið mælimastur til vindrannsóknna. Mastrið sem um ræðir er stálgrindarmastur, þríhyrnt með 48 cm breiðum hliðum, allt að 98 m hátt með stögum sem ná allt að 60 m út frá mastrinu. Auk þess kemur fram að áætlað er að mastrið standi í 2 ár.

Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdin geti haft áhrif á ásýnd og landslag, gróðurfar, jarðfræði og flugumferð, en framkvæmdin getur einnig haft áhrif á votlendi og fuglalíf sem þarf að meta.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og sem er með mjög hátt og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillöggunni, hver áhrif verkefnisins er á gróðurfar og fuglalíf (áflug, farleiðir fugla) og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillöggunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Jarðmyndanir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um svæðið í tillöggunni og lögð sé áhersla á að framkvæmdir séu afturkræfar og hugað sé að frágangi að rannsóknnum liðnum.

Aðkoma

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að nýta þá slóða sem fyrir eru á svæðinu, þ.m.t. línuvegi og forðast gerð nýrra slóða.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur